

**99** V. flokkur. Öll hvít haustull óþvegin, en laus við skarnklepra, blóð-  
30. apríl skorpur og skinn snepla.

VI. flokkur. Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

**2. gr.**

Sú ull, sem eigi er vél þur, er ekki hæf til útflutnings; ekki heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.

**3. gr.**

Merkja skal hvern ullarsekk þannig: — Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni hverjum flokki ullin tilheyrir. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjélag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 26. maí 1920.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1923.*

**Kl. Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**100**  
22. nóv.

**REGLUGJÖRÐ.**

um

notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

**1. gr.**

Rafveitan í Keflavík selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkv. reglugjörð þessari.

**2. gr.**

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitustjórnin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

## 3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 1. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf, og þar til á morgnana að vinnubjart er orðið. 100  
22. nóv.

## 4. gr.

Þann tíma, sem ljósa er þörf, má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til og svo stuttan tíma sem unt er.

## 5. gr.

Aðalálmur og húsaálmur, ásamt öryggjum, leggur rafveitan á sinn kostnað, þó ekki húsálmur lengri en 40 metra, en það sem umfram er, kostar húseigandi.

Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka, nema með leyfi rafveitunefndar.

## 6. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflagningu, skal senda rafveitustjórninni skriflega beiðni um það, með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá, ásamt öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir raflagninguna. Rafveitustjórnin ákveður því næst, hvort raflagningin eða breytingin skuli leyfð og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynnt umsækjanda innan þriggja vikna frá því hún fjekk umsóknina.

## 7. gr.

Húsveitur skal gjöra af löggiltum rafvirkja á kostnað húseiganda. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitustjórnar, hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyir innan húss eða utan.

## 8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús eða breytt eldri raflagningu, og má þá ekki taka húsveituna til afnota, fyrr en sá, er gætir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sje fullnægjandi. Áltíð raflagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig, að hún sje fullnægjandi.

## 9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er þeir sjálfir leggja til, þó getur rafveitustjórn selt ljós án straummæla og greiðist gjald fyrir það eftir styrkleika ljósa.

## 10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitustjórnar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við samkv. hegningarlögunum.

## 100

22. n.óv.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að innleiðsla hans sje jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig, að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur, eða bilun sjáist á einangrum á leiðslum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það rafveitustjórn. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

## 11. gr.

Rafveitustjórninni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir álitni hennar eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

## 12. gr.

Rafveitustjórn og sá, er gætir rafstöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálsan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort alt sje í góðu lagi.

## 13. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugjörð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir rafveitustjórnar, er stöðvarstjórn heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

## 14. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur rafveitunefnd, eftir tillögum rafveitustjórnar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur milli rafveitustjórnar og notanda, sker rafveitunefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

## 15. gr.

Stjórn rafveitunnar hafa á hendi þrjú menn, kosnir til eins árs í senn, af eigendum rafstöðvarinnar. Stjórnin skiftir með sjer verkum, og ræður mann til að gæta stöðvarinnar. Hún hefir á hendi allar framkvæmdir fyrir rafveituna og svarar til alls þess, er hún kann að verða sökuð um. Hún skal sjá um, að nóg efni sje fyrir hendi til starfrækslu stöðvarinnar, og hefir á hendi allar fjárreiður hennar.

## 16. gr.

Rafveitunefnd skipa þrjú menn; skal einn vera kosinn af rafveitustjórn, annar af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps og sje hreppstjórnin í Keflavíkurhreppi sjálfkjörinn oddamaður. Kjörtími rafveitunefndar er þrjú ár. Rafveitunefnd sker úr, ef ágreiningur verður milli notanda rafmagnsins og rafveitustjórnar. Hún endurskoðar gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins árlega og leggur fyrir hreppsnefnd og stjórnarráð til samþyktar. Hún hefir aðgang að öllum reikningum rafveitunnar og ber að gæta þess, að fylgt sje ákvæðum

## 17. gr.

reglugjörðar þessarar. Nú reynist rekstur stöðvarinnar óviðunandi, og getur **100**  
hreppsnefnd þá, að fengnum tillögum rafveitunefndar, tekið rekstur stöðvar- **22. nóv.**  
innar í sínar hendur, á kostnað eigenda.

18. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskrá má breyta með samþykki stjórn-  
arráðsins.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að kr. 200,00 — tvö  
hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út  
af þessu sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Keflavíkurhrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember  
1915 um rafmagnsveitur og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga  
að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóv. 1923.*

**Kl. Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**REGLUGJÖRÐ**

um

**breyting á reglugjörð 31. júlí 1906 fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

Fyrsti málsliður 2. gr. reglugjörðarinnar orðist svo:  
Vextir af lánnum þessum skulu vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

3. gr. reglugjörðarinnar breytist þannig:

Í stað upphæðanna 15000, 10000, 5000 og 2000 í staflið a. komi: 30000,  
20000, 10000 og 5000.

Í stað 2000 í staflið b. komi: 5000.

Í stað 5000 í staflið c. komi: 10000.

3. gr.

Í stað 100 og 600 í 6. gr. reglugjörðarinnar komi: 200 og 1200.

Þetta birtist hjer með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1923.*

**Kl. Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*